



Reykjaneshöfn

Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa



Reykjaneshöfn

Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa

Reykjanesbær, september 2024.

Inngangur

Reykjaneshöfn vinnur í takt við breytta tíma í sjálfbærnimálum og í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í sínum verkefnum enda er þar tilkomin hvatning fyrir allt samfélagið að gera hlutina í samræmi við nýja sýn.

Ísland sem þátttakandi að loftslagsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna miðar að kolefnishlutleysi árið 2030. Reykjaneshöfn vinnur í samræmi við þessi verkefni ásamt því að vera þátttakandi í sjálfbærnivegferð Sameinuðu þjóðanna.

Ljóst er að samfélög heimsins eiga verðugt verkefni fyrir höndum til að ná umræddum markmiðum en þó er alveg skýrt að tíminn til að aðhafast ekkert er liðinn.

Árið 2023 voru innleidd ný lög um úrgangsmeðhöndlun á Íslandi sem fólu í sér mikla stefnubreytingu á þá leið að flokkun úrgangs er orðin mun umfangsmeiri en áður. Ekki er lengur öllu hent í sömu tunnu og það ýmist brennt í heild sinni eða urðað. Nú eru verðmætin flokkuð sér, þ.e. pappír og plast, og almennum úrgangi skipt í almennt heimilissorp og lífrænan úrgang. Þetta fjögurra flokka kerfi hóf göngu sína í Reykjanesbæ árið 2023.

Reykjaneshöfn sér um móttöku úrgangs og farmleifa þegar bátar og skip sjá ekki sjálf um að koma sínum úrgangi til förgunar. Tilgangurinn með gerð þessarar áætlunar er m.a. að koma í veg fyrir mengun frá skipum og leggja ríka áherslu á að draga úr magni úrgangs sem berst út í umhverfið.

Markmið Reykjaneshafnar er að vinna að hag umhverfisins í sínum daglegu störfum sem getur sparað fjármuni auk þess sem það bætir umhverfið. Ýmiskonar úrgangur og farmleifar koma frá notendum Reykjaneshafnar en leiðarljósið snýr að því að vinna í nánu samstarfi við notendurna sem deila metnaði hafnarinnar um að vernda umhverfið, bæta vinnuaðstöðu við höfnina, þróa umhverfisvænni aðstæður og að ganga snyrtilega um umhverfi okkar og náttúruna.

Verkefni hafna eru fjölbreytt og umfangsmikil og því mikilvægt að hafa góða yfirsýn yfir verkefnin. Tilgangur þessarar áætlunar er að leitast við að mæta óskum og þörfum notenda hafnarinnar varðandi móttöku úrgangs og farmleifa á starfssvæði Reykjaneshafnar.

Áætlunin er unnin af hafnarstjóra og starfsfólki Reykjaneshafnar í samstarfi við sjálfbærniráð Reykjanesbæjar. Áætlunin hefur einnig verið borin undir helstu notendur hafnarinnar. Hafnarstjóri og starfsfólk Reykjaneshafnar bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

Gildi Reykjaneshafnar

Í rekstri Reykjaneshafnar er tekið mið af stefnu Reykjaneshafnar til ársins 2030; **Framsækni, Virðing og Eldmóður.**

Í áhersluatriðum er sérstaklega horft til **Vistvæns samfélags** og **Fjölbreyttra starfa** ásamt þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem þar eiga við.

Til að stuðla að **Vistvænu samfélagi** mun Reykjaneshöfn stefna að eftirfarandi þáttum:

- Árið 2030 verði landtenging rafmagns til staðar fyrir alla viðskiptavini Reykjaneshafnar óháð orkupörf viðkomandi skipa og stuðla þar með að betri loftgæðum í umhverfinu (Heimsmarkmið nr. 7.1 og 12.2).



- Móttaka og meðhöndlun úrgangs á hafnarsvæðinu verði skilvirkari til að lágmarka förgun og auka endurnýtingu (Heimsmarkmið nr. 11.6, 12.4 og 12.5).



Til að stuðla að **Fjölbreytni starfa** mun Reykjaneshöfn stefna að því að:

- Innviðir hafnarinnar verði eflir til þess að geta aukið þjónustugetu viðskiptavina hafnarinnar á sem flestum sviðum og þar með skapað grundvöll að fjölbreyttari atvinnusköpun (Heimsmarkmið nr. 8.2, 8.9 og 9.1).



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Gildi Reykjaneshafnar	3
Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa	5
Hafnaraðstaða.....	6
Smábátahöfnin í Gróf.....	6
Hafnahöfn.....	6
Keflavíkurhöfn	6
Njarðvíkurhöfn	6
Helguvíkurhöfn.....	6
Þjónusta.....	6
Verklagsreglur við móttöku og söfnunar úrgangs frá bátum og farmleifum.....	7
Þjónustuaðilar um móttöku úrgangs og farmleifa	7
Móttökuaðstaða úrgangs.....	8
Smábátahöfnin í Gróf.....	8
Hafnahöfn.....	8
Keflavíkurhöfn	8
Njarðvíkurhöfn	9
Helguvíkurhöfn.....	9
Gjaldtaka	10
Heimilisérgangur frá fiski- og þjónustuskipum	10
Rekstrarúrgangur frá bátum, fiski- og þjónustuskipum.....	10
Almennt sorp og rekstrarúrgangur frá fraktskipum.....	10
Sértækt sorp og rekstrarúrgangur frá fraktskipum	11
Athugasemdir og samráð um meðhöndlun úrgangs og farmleifa	11
Tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifum sem tekið er á móti og meðhöndlað.....	11
Ílát og merkingar þeirra.....	12
Uppruni úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn (í kg).....	15
Sundurliðun úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn (í kg)	16
Samantekt.....	18
Niðurstaða.....	19

Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa

Áætlun þessi er í samræmi við reglugerð nr. 1280/2016 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, en þar kemur fram að hafnaryfirvöldum beri að gera áætlun um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum. Áætlun þessi byggir einnig á eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Þessi lög gilda um varnir gegn mengun hafs og stranda, þar með talið mengun sem stafar af úrgangi frá skipum og bátum.
- Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Þessi lög fjalla um hringrásarhagkerfið og að tryggja rétta úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Lögin kveða á um aðgerðir til að tryggja hollustuhætti og mengunarvarnir, þar með talið úrgangsmál.
- Lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Lögin heimila innheimtu gjalda fyrir móttöku og förgun úrgangs og kveða á um hvernig þau gjöld skulu vera ákveðin.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Reglugerðin setur nánari umgjörð um meðhöndlun úrgangs í samræmi við lög nr. 55/2003.
- Reglugerð um förgun úrgangs nr. 738/2003. Reglugerðin fjallar um förgun úrgangs og hvernig sú förgun fer fram til að draga úr umhverfisáhrifum.
- Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Reglugerðin fjallar um brennslu úrgangs og þær aðferðir sem skulu notaðar til að draga úr mengun.
- Reglugerð um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum nr. 1201/2014. Þessi reglugerð fjallar um gjaldtöku vegna losunar úrgangs og farmleifa.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Reglugerðin fjallar um skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis ásamt því að tryggja úrgangsstjórnun.
- Reglugerð nr. 169/2002 um spilliefni. Þessi reglugerð fjallar um rétta meðhöndlun spilliefna til að sporna við mengun.
- Reglugerð nr. 673/2011 um olíuúrgang. Þessi reglugerð fjallar um hvernig eigi að tryggja rétta meðhöndlun olíuúrgangs til að sporna við mengun.
- Reglugerð nr. 341/2021 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum (1973) með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur).
- MARPOL (The International Convention for the Prevention of Pollution from Ships). Alþjóðasamningur sem fjallar um varnir gegn mengun frá skipum sem Ísland er aðili að og hefur verið innleiddur á Íslandi með ofangreindum lögum og reglugerðum.

Þessi lög og reglugerðir mynda heildstætt regluverk sem tryggir örugga og umhverfisvæna meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Þau kveða meðal annars á um skráningu, flokkun, söfnun, flutning, endurvinnslu, förgun og gjaldtöku fyrir úrgang sem kemur ýmist frá heimilum, fyrirtækjum og/eða skipum. Markmið þeirra er að draga úr myndun úrgangs, stuðla að endurvinnslu og tryggja örugga förgun til að vernda umhverfið og heilsu almennings.

Hafnaraðstaða

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki í eigu Reykjaneshafnar sem rekur fimm hafnarsvæði á starfssvæði sínu. Er þar um að ræða smábátahöfnina í Gróf, Hafnahöfn, Helguvíkurböfn, Keflavíkurböfn og Njarðvíkurböfn.

Helstu þjónustuhlutverk viðkomandi hafna eru eftirfarandi:

Smábátahöfnin í Gróf er búin þremur vel útbúnum flotbryggjulengjum með rafmagnstengingum ásamt olíu afgreiðslubryggju, upptökubraut og þjónustukrana. Þar er góð aðstaða í skemmtilegu umhverfi til viðlegu fyrir smærri fiskibáta og skemmtibáta.

Hafnahöfn samanstendur af steyptri L-laga bryggju þar sem töluverð umsvif voru á árum áður. Þar er hvorki aðstaða til löndunar né viðlegu en höfnin var formlega aflögð árið 2023.

Keflavíkurböfn er aðal löndunarhöfn smábáta ásamt því að þar er löndunaraðstaða fyrir stærri fiskibáta. Höfnin í Keflavík þjónar jafnframt sem hafnaraðstaða fyrir smærri skemmtiferðaskip og fraktskip. Í höfninni er ekki gert ráð fyrir að bátar eða skip séu í lengri viðlegu.

Njarðvíkurböfn er aðal löndunarhöfn stærri fiskibáta ásamt því að þar er hafnaraðstaða fyrir fraktskip. Í höfninni er aðstaða fyrir báta og skip sem eru í skemmtilegu eða lengri viðlegu. Höfnin þjónustar líka báta og skip sem nýta sér þjónustu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf.

Helguvíkurböfn er aðal fraktskipahöfnin fyrir inn- og útflutning á starfssvæði Reykjaneshafnar. Á hafnarsvæðinu eru birgðastöðvar fyrir annars vegar sements innflutning Aalborg Portland Ísland ehf. og hins vegar fyrir eldsneytis innflutning Olíudreifingar ehf. Höfnin er fyrst og fremst aðstaða til að ferma og afferma vörur en ekki til lengri viðlegu báta eða skipa. Í Helguvíkurböfn er ekki aðstaða til löndunar fiskibáta.

Þjónusta

Reykjaneshöfn býður viðskiptavinum sínum upp á fjölbreytta þjónustu.

- **Skipaþjónusta** – skip og bátar sem koma til viðlegu hjá Reykjaneshöfn geta keypt ýmsa þjónustu af höfninni:

- **Rafmagn** - Reykjaneshöfn rekur dreifikerfi rafmagns á hafnarsvæðum sínum til endursölu til fiskiskipa.
- **Ferskt vatn** - Reykjaneshöfn rekur dreifikerfi fyrir ferskt vatn til endursölu til viðskiptavina sinna.
- **Úrgangur** - Reykjaneshöfn tekur á móti úrgangi frá viðskiptavinum og kemur til afsetningar eins og fram kemur í þessari áætlun.
- **Festarþjónusta** – Starfsfólk Reykjaneshafnar tekur á móti landfestum, sinnir móttöku landfestu stærri fiskiskipa, fraktskipa og annarra skipa sem þess óska.
- **Hafnsaga** – Starfsfólk Reykjaneshafnar leiðsegja skipum til viðlegu innan hafnar og við siglingu frá höfn.
- **Hafnarvog** - Reykjaneshöfn rekur löggilta akstursvog við skrifstofu hafnarinnar að Víkurbraut 11, upp af Keflavíkurhöfn.
- **Dráttarbátur** - Reykjaneshöfn rekur dráttarbátinn Auðunn sem m.a. er notaður til flutnings á hafnsögumanni út í fraktskip ásamt því að aðstoða fraktskip við að komast að viðlegukanti.
- **Íssala** - Reykjaneshöfn rekur ísverksmiðju við Hafnarbraut 1a sem framleiðir ís sem seldur er til fiskiskipa og vinnsluaðila til kælingar á sjávaraflla.
- **Lóðir og lendur** – Reykjaneshöfn á ýmsar lóðir og lendur við hafnasvæðin sem er úthlutað eða leigðar til ýmissar atvinnustarfsemi.

Verklagsreglur við móttöku og söfnun úrgangs frá bátum og farmleifum

Skipstjórar báta bera ábyrgð á að koma almennu sorpi til förgunar í sorpílát á viðkomandi hafnarsvæði. Sömu leiðis bera skipstjórar báta ábyrgð á að koma öðrum úrgangi en almennu sorpi til förgunar á gámastöð Sorpeyðingarstöðvar Kólku í Helguvík. Þó er heimilt að skilja slíkan úrgang eftir við skipshlið á viðlegukanti sé það tilkynnt til starfsfólks Reykjaneshafnar sem sjá þá um að koma þeim úrgangi á gámastöð Sorpeyðingarstöðvar Kólku í Helguvík til förgunar, á kostnað viðkomandi skips.

Reykjaneshöfn tekur ekki á móti skólpi eða miklu magni af olíu frá skipum en þegar þörf er fyrir slíka þjónustu getur skipstjóri eða umboðsmaður skips fengið upplýsingar um slíkan þjónustuaðila hjá Reykjaneshöfn. Skipstjóri eða umboðsmaður skips ber fulla ábyrgð á að fá viðurkenndan aðila til að sjá um móttöku á skólpi eða olíu frá skipi sínu og ber auk þess fulla ábyrgð á að greiða fyrir slíka þjónustu til viðkomandi þjónustuaðila.

Þjónustuaðilar um móttöku úrgangs og farmleifa

Auk aðstöðunnar sem í boði er á hafnarsvæðum Reykjaneshafnar og þeirrar þjónustu sem starfsfólk Reykjaneshafnar veitir, stendur viðskiptavinum til boða að nýta sér þjónustu utanaðkomandi aðila.

- | | |
|---|----------------|
| ➤ Reykjaneshöfn | Sími: 420-3220 |
| ➤ Kalka bs. (Sorpeyðingarstöð Suðurnesja) | Sími: 421-8010 |

- | | |
|-----------------------------|----------------|
| ➤ Hreinsitækni ehf. | Sími: 567-7090 |
| ➤ Olíudreifing ehf. | Sími: 550-9900 |
| ➤ Hringrás ehf. | Sími: 550-1900 |
| ➤ Íslenska gámafélagið ehf. | Sími: 577-5757 |
| ➤ Gröfuþjónustan ehf. | Sími: 892-7500 |

Móttökuaðstaða úrgangs

Aðstaða til móttöku og förgunar úrgangs er mismunandi eftir hafnarsvæðum, þó verkferlarnir séu í meginatriðum þeir sömu. Eftirfarandi reglur gilda um hafnarsvæði Reykjaneshafnar:

Smábátahöfnin í Gróf

Í höfninni í Gróf, er miðað við að þörf sé fyrir eitt sorpílát fyrir almennt sorp. Þörfin er áætluð út frá fjölda báta í viðlegu við flotbryggjurnar. Ílátið er losað reglulega af þjónustuaðila hafnarinnar sem kemur úrganginum til förgunar. Ekki er talin þörf fyrir sérstaka aðstöðu til móttöku á úrgangsolíu á smábátahöfninni vegna nálægðar við gámastöð Sorpeyðingarstöðvar Kölku í Helguvík, sem er í 2,5 km. fjarlægð frá höfninni.

Gerð og geymslurými smábátahafnarinnar í Gróf

Við smábátahöfnina í Gróf er staðsett eitt 660 lítra sorpílát sem er móttökustaður fyrir úrgang. Ílátið er fest í steipt skýli við hlið masturshús til varnar foki.

Hafnahöfn

Ekki er talin þörf fyrir móttökuaðstöðu úrgangs við höfnina í Höfnum þar sem engin viðlega báta eða önnur starfsemi henni tengdri hefur verið þar undanfarin ár. Verði í framtíðinni breyting þar á mun þeim þörfum verða mætt, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma.

Gerð og geymslurými Hafnahafnar

Engin sorpílát eru til staðar í dag við höfnina í Höfnum. Ef aðstæður munu breytast og þörf verður fyrir móttöku úrgangs mun starfsfólk hafnarinnar koma fyrir sorpílátum og sjá til þess að þeim úrgangi sem til fellur verði komið til förgunar.

Keflavíkurhöfn

Í Keflavíkurhöfn landa aðallega smærri bátar þó að stærri skip landi þar líka. Slíkar landanir eru þó ekki reglulegar heldur tilfallandi. Komið hefur fyrir að fraktskip losi þar eða lesti farm en slíkt heyrir þó til undantekningar.

Gerð og geymslurými Keflavíkurhafnar

Miðað við aðstæður í Keflavíkurhöfn og fjölda skipa sem koma þar til viðlegu, er metin þörf fyrir tvö 660 lítra sorpílát yfir árið auk eins til viðbótar yfir sumarið. Viðkomandi sorpílátum er ætlað að taka við almennum úrgangi frá skipum en ílátin eru losuð reglulega af þjónustuaðila hafnarinnar.

Komi fram óskir frá skipstjórum eða umboðsmönnum skipa um stærri móttökuílát undir úrgang, sér starfsfólk hafnarinnar um að panta viðkomandi ílát tímabundið á meðan viðkomandi skip er með viðlegu í höfninni. Ílátin yrðu þá staðsett á bryggjunni við skipshlið og losuð eftir óskum skipstjóra eða umboðsmanns skips eða í síðasta lagi við brottför skips. Allur kostnaður vegna slíkra íláta, s.s. leiga, losun og förgun úrgangs, greiðist af útgerð viðkomandi skips.

Ef þörf er á fleiri ílátum í tengslum við einstök skip eða báta er brugðist við því eftir þörfum.

Njarðvíkurhöfn

Njarðvíkurhöfn samanstendur af tveimur hafnargörðum; Suðurgarði og Norðurgarði. Grjótvargarður liggur utan við Norðurgarð hafnarinnar.

- **Suðurgarður** - Áætlað er að 2-10 skip séu að veiðum hluta úr ári frá Suðurgarði Njarðvíkurhafnar. Suðurgarðurinn er mikið notaður sem viðleigukantur skipa til langlegu og einnig fyrir skip sem eru á leið í slipp hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Áætlað er að um 3-9 skip séu í langlegu í Suðurgarði að staðaldri allt árið.
- **Norðurgarður** - Áætlað er að 3-5 netaskip séu á veiðum út frá Norðurgarði árið um kring. Um 2-3 togarar hafa stutta viðlegu í Norðurgarði vegna landana eða um 5-15 landanir á ári. Tilfallandi er að fraktskip komi til Njarðvíkurhafnar til lestunar eða losunar á farmi.

Gerð og geymslurými Njarðvíkurhafnar

Miðað við aðstæður í Njarðvíkurhöfn og fjölda skipa í viðlegugörðunum er talin þörf fyrir tvö 660 lítra sorpílát sem taka við almennu sorpi frá skipum. Annað ílát er staðsett við Suðurgarðinn og hitt við Norðurgarðinn. Bæði ílátin eru losuð reglulega af þjónustuaðila hafnarinnar. Auk þess er eru opin kör staðsett á Norðurgarði til afsetningar fyrir annan úrgang sem starfsfólk hafnarinnar sér um að flokka og koma til afsetningar.

Helguvíkurhöfn

Tíðni fraktskipa í Helguvíkurhöfn er um 20-60 komur á ári sem flytja sement, eldsneyti og aðrar vörur. Viðlega viðkomandi skipa markast af þeim tíma sem tekur að losa eða lesta skip hverju sinni.

Verklagið við losun úr skipum við Helguvíkurhöfn fer þannig fram að skip eða umboðsmenn skipa tilkynna til Reykjaneshafnar fyrir komu þeirra það magn og úrgangstegundir sem skipið hyggst losa hverju sinni. Þegar skip hefur lagst að bryggju sér starfsfólk Reykjaneshafnar um að sækja úrganginn að skipshliði og koma honum til Sorpeyðingarstöðvar Kólku í Helguvík til förgunar á kostnað viðkomandi skips.

Gerð og geymslurými Helguvíkurhafnar

Á hafnarsvæði Helguvíkurhafnar eru ekki staðsett að staðaldri ílát til móttöku á úrgangi. Ef fram kemur ósk um slíkt frá skipstjóra eða umboðsmanni skips er brugðist við því tímabundið meðan skipið er með viðlegu í höfninni. Viðkomandi ílát yrðu þá

staðsett á bryggjunni við skipshlið og væru losuð í samræmi við beiðni frá skipstjóra eða umboðsmanni skipsins eða í síðasta lagi við brottför skipsins. Allur kostnaður vegna gámsins líkt og leiga, losun og förgun úrgangs, greiðist af útgerð viðkomandi skips.

Ekki er að staðaldri tankur til móttöku á úrgangsolíu í Helguvíkurböfn. Starfsfólk Reykjaneshafnar eða viðurkenndir þjónustuaðilar sjá um að aðstoða við móttöku og flutning slíks úrgangs á viðurkennda móttökustöð sé þess óskað á kostnað viðkomandi skips.

Móttaka úrgangs við Helguvíkurböfn

Skip sem koma til Helguvíkurböfnar eiga að tilkynna hafnaryfirvöldum um samsetningu og magn úrgangsins sem skipið óskar eftir að losa við komu til hafnarinnar. Tilkynningin þarf að berast hafnarstarfsfólki 24 klukkustundum fyrir komu skipsins til hafnarinnar. Starfsfólk hafnarinnar sækir viðkomandi úrgang að skipshliði þegar skip hefur lagst að bryggju og sér um að koma úrganginum til móttökustöðvar Köllu til förgunar á kostnað viðkomandi skips. Sé úrgangur þannig gerður að Kalka tekur ekki á móti honum er leitað til annarra þjónustuaðila sem sinna slíkum úrgangi.

Gjaldtaka

Nánari upplýsingar um gjaldskrá Reykjaneshafnar má finna á heimasíðu hafnarinnar, www.reykjaneshofn.is.

Heimilisúrgangur frá fiski- og þjónustuskipum

Í gjaldskrá Reykjaneshafnar, nánar tiltekið í 18. gr., má finna gjaldskrá fyrir móttöku og meðhöndlun á „heimilis“ úrgangi frá smærri fiski- og þjónustuskipum, allt að 500 brúttó tonnum að stærð. Úrganginum er svo skilað til móttökuaðstöðu viðkomandi hafnarsvæðis. Sorpgjaldið er mismunandi og fer eftir stærð skipanna en kostnaður við sorpeyðingu er innifalinn í heildarverðinu.

Rekstrarúrgangur frá bátum, fiski- og þjónustuskipum

Afsetning og förgun á rekstrarúrgangi báta og skipa er alfarið á ábyrgð og kostnað útgerðaraðila slíkra skipa. Ef starfsfólk Reykjaneshafnar þarf að sækja úrgang að skipshliði eða úrgang sem skilinn er eftir á hafnarsvæði, greiðist aukalega fyrir þá þjónustu vegna aksturs á móttöku- eða förgunarstað innan Reykjaneshafnar. Fyrir förgun þess úrgangs greiðist samkvæmt gjaldskrá viðkomandi móttöku- eða förgunarstaðar.

Almennt sorp og rekstrarúrgangur frá fraktskipum

Skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða úrgangs- og förgunargjald í samræmi við gjaldskrá Reykjaneshafnar hverju sinni.

Sértækt sorp og rekstrarúrgangur frá fraktskipum

Sé um sértækt sorp að ræða sem flutt er á móttökustöð Kölku, er reikningurinn ýmist gerður samkvæmt gjaldskrá Reykjaneshafnar eða samkvæmt gjaldskrá Kölku. Sjá nánar um gjaldskrá Kölku á www.kalka.is.

Athugasemdir og samráð um meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Ef skipstjóri, eigandi, umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað megi betur fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsfólks Reykjaneshafnar. Einnig er hægt að senda inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið reykjaneshofn@reykjaneshofn.is.

Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

Ef talið er að umkvörtunarefnið sé þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar: <http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>. Eyðublaðið má einnig finna í enskri útgáfu á heimasíðunni: <https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Ef upp koma aðstæður sem þarf að bregðast sérstaklega við eða ef um er að ræða slæma umgengni í höfnum Reykjaneshafnar, verður haft samband við það skip sem notar þjónustuna, þá verktaka sem meðhöndla úrgang og/eða aðra hugsanlega hagsmunaaðila eins og þörf krefur. Starfsfólk Reykjaneshafnar hefur eftirlit og umsjón með umhirðu og úrgangi í höfnun Reykjaneshafnar, sem og samskipti við verktaka og notendur hafnarinnar í daglegum störfum sínum fyrir höfnina. Öll skýrslugjöf fer í gegnum hafnarstjóra og til hans skal beina öllum athugasemdum.

Tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti og meðhöndlað

Skráning á úrgangi og farmleifum frá bátum og skipum sem slíkt losa hjá Reykjaneshöfn, byggir á skýrslu viðkomandi móttökustaðar þar sem úrgangurinn er afsettur.

Samkvæmt 7. grein reglugerðar númer 1200/2014 ber skipstjóri skips sem er á leið til hafnar ábyrgð á að tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum berist til hafnaryfirvalda Reykjaneshafnar. Þessi tilkynning á að berast ásamt öðrum gögnum um skipakomur í gegnum SafeSeaNet.

Skipstjóri skips á leið til hafnar ber ábyrgð á að tilkynningunni fylgi réttar upplýsingar ásamt því að koma upplýsingunum til hafnarinnar ýmist:

- a) Með 24 klukkustunda fyrirvara fyrir komu til hafnar ef viðkomuhöfn er þekkt; eða
- b) Um leið og viðkomuhöfn er ákveðin ef 24 klukkustunda fyrirvari næst ekki; eða

c) Fyrir brottför frá fyrri höfn ef sjóferðin er skemmri en 24 klukkustundir.

Farið er með sértækan úrgang frá skipum í gámastöð Sorpeyðingarstöðvar Kölku í Helguvík þar sem tekið er við honum og honum komið í rétt úrvinnsluferli. Sá úrgangur er ekki skráður á annan hátt en að eigandi úrgangs fær sendan reikning frá Kölku eða höfninni samkvæmt gjaldskrá Kölku.

Við móttöku sorps frá fraktskipum er gefin út kvittun frá höfninni um móttöku sorpsins.

Ílát og merkingar þeirra

Olíumóttaka fyrir smærri olíu úrgang			400 lítra olíu ílát
Opin sorpkör			660 lítra
Sorptunna			1.100 lítra
Sorptunna			660 lítra
Sorptunna			140-240 lítra

Staðsetning íláta í höfnum Reykjaneshafnar

Smábátahöfnin í Gróf



Keflavíkurhöfn



Njarðvíkurhöfn



Helguvíkurhöfn



Uppruni úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn (í kg)

Til og með 31. júlí 2024

Uppruni úrgangs										
Sundurlíðun	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	
Fiskiskip	2,800	4,020	9,080	5,140	6,645	8,960	6,810	3,880	2,520	
Flotgirðing					3,520					
Fraktskip	2,260	4,920	3,510	3,800	3,474	3,284	9,000	6,830	2,380	
Gróf - smáb.h.	1,140				700					
Hafnarsvæði	24,910	28,076	32,970	19,590	7,355	6,680	7,840	12,100	5,760	
Iðnaðarsvæði		4,020	3,020	1,940	900				2,380	
Keflavíkurhöfn	3,131	2,530	1,540		260	0	200	0	0	
Njarðvíkurhöfn	4,670	6,760	5,160	13,580	9,200	10,300	2,440	920	0	
Skessuhellir		440								
Skrifstofa		380		660	40				200	
Varðskip					2,840					
Þjónustuskip					210		720		260	
Vaktskúr							2,170			
Grand Total	38,911	51,146	55,280	44,710	35,144	29,224	29,180	23,730	13,500	

Þegar horft er til uppruna úrgangs hjá Reykjaneshöfn er margt áhugavert sem kemur þar fram. Nokkrar hafnir virðast sjaldan taka við úrgangi en líkt og kemur fram í áætluninni, á þetta við um þær hafnir þar sem ekki er þörf á ílátum fyrir sorp nema beiðni komi fram um slíkt. Má þar nefna úrgang við Skessuhelli sem staðsettur er við höfnina í Grófinni en einnig losun frá smábátahöfninni í Gróf sem var 1,140 kg. árið 2016 en aðeins 700 kg. árið 2020 en engin losun úrgangs hefur verið þar síðan.

Sjá má að varðskip og þjónustuskip koma til hafna einstaka sinnum en varðskip losuðu alls 2.840 kg. árið 2020 og hafa ekkert losað síðan en þjónustuskip hafa komið að meðaltali annað hvert ár.

Mesta losunin kemur frá hafnarsvæðinu og frá Njarðvíkurhöfn. Þegar kemur að hafnarsvæðinu var losunin mest árið 2018, alls 32,970 kg. Þessi losun hefur minnkað til muna undanfarin ár en var árið 2023 aðeins 12.100 kg sem er samdráttur um 20,870 kg. eða um 63%.

Hvað varðar Njarðvíkurhöfn var losunin þar mest árið 2019 þegar alls var losað 13.580 kg. Fyrir árið 2023 var losunin einungis 920 kg. og ekkert hefur verið losað frá Njarðvíkurhöfn fyrstu sjö mánuði ársins 2024.

Hvort að ástæðan fyrir minni losun í höfnum Reykjaneshafna sé vegna minni notkunar á vörum, bættri úrgangslosun eða vegna aukinnar losunar í öðrum höfnum landsins liggur ekki fyrir.

Sundurliðun úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn (í kg)

Til og með 31. júlí 2024

Sundurliðun úrgangs (viðmið 2024 - 31.07.24)										
Sundurliðun	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	
Almennt sorp	28,080	19,790	21,065	15,430	11,944	10,990	10,960	9,348	4,540	
Bylgjupappír			320			50	90	20	40	
Flísar og gler		140								
Grófur úrgangur	4,061	21,776	21,730	15,850	16,550	8,410	6,130	4,150	3,425	
Hjólbarðar		500	70	20						
Húsgögn			300							
Málmur	4,090	5,070	7,975	8,220	2,940	5,364	5,190	2,883	520	
Netaúrgangur				480						
Olíuúrgangur		140	480		100	120	40	790		
Pappír					10					
Rafgeymar	60	420	100		310	350	250	290	40	
Raftæki		60	80		70		140		60	
Steinefni/jarðvegur						80				
Tímbur	1,780	2,650	3,160							
Tímbur hreint				2,030	2,980	1,700	840	2,754	240	
Tímbur litað				2,020	200	1,900	1,160	460	780	
Trúnaðarskjöl				660	40					
Veiðarfæri	840	600								
Spilliefni						60	140			
Netariðill og reipi						200	2,080	490	60	
Plast							990	30	250	
Flísar og leir							120	40		
Ristarúrgangur							100			
Gler							20			
Veiðafæri							300	625	205	
Millilandaúrgangur							630	1,090	2,300	
Sérmeðhöndlun - grófur úrgangur								760	1,000	
Lífrænn úrgangur									40	
Grand Total	38,911	51,146	55,280	44,710	35,144	29,224	29,180	23,730	13,500	

Þegar rýnt er í sundurliðun úrgangs má sjá að almennt sorp er þar algengast. Dregið hefur verulega úr losun á almennu sorpi þar sem losað var 28.080 kg. árið 2016 en 9.348 kg. árið 2023. Það er minni losun um 18.732 kg. eða minnkun um tæp 67%.

Verulega hefur dregið úr losun á efnum sem farið er að flokka betur í takt við breytt lög um meðhöndlun úrgangs, til að mynda málm og plast.

Þegar litið er til aukningar á losun, á það helst við um sérmeðhöndlun á grófum úrgangi þar sem aukningin var 240 kg. milli ára 2023 og 2024 en einungis eru inni fyrstu sjö mánuðir ársins 2024. Þetta á einnig við um aukningu á millilandaúrgangi sem jókst úr 630 kg. árið 2022 í 2.300 kg. fyrstu sjö mánuði ársins 2024 eða tæp fjórföld aukning.

Athyglisvert væri að bera þessar losunartölur saman við losunartölur skipa og báta aftur í tímann. Eru skip og bátar almennt að farga minna og endurvinna meira eða eru skipin að losa sorp og farmleifar í mörgum höfnum um landið sem skýrir þennan samdrátt?

Útgáfa áætlunar um móttöku úrgangs og farmleifa

Áætlun um úrgang og losun farmleifa er endurskoðuð reglulega. Fyrsta útgáfa áætlunarinnar kom út árið 2018, önnur útgáfa árið 2021 og er þessi áætlun sú þriðja í röðinni, gefin út árið 2024.

Endurskoðun

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku úrgangs og farmleifa skal endurskoða áætlun þessa á fimm ára fresti. Einnig er lagt upp með að endurskoðun eigi sér stað fyrr ef meiriháttar breytingar verða í rekstri hafnarinnar.

Samantekt

Þegar kemur að áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa Reykjaneshafnar og tengingu áætlunarinnar við sjálfbærnimál, heildarstefnu Reykjanesbæjar, umhverfis og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna má tengja umrædd verkefni saman.

Sjálfbærnimál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna leggja áherslu á sjálfbæra þróun og fjölda áherslupunkta líkt og markmið númer 12 sem fjallar um ábyrga neyslu og framleiðslu, markmið 13 sem fjallar um aðgerðir í loftslagsmálum og markmið 11 sem snýr að sjálfbærum borgum og samfélögum. Með því að gefa út formlega áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn er stutt við þessi markmið í því skyni að lögð er áhersla á ábyrgar úrgangsmeðferðir auk sjálfbærar þróunar innan hafnarinnar og starfsemi hennar.

Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030:

Líkt og kemur fram í stefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030 er sjálfbærni einn af grunnþáttum í stefnumótun sveitarfélagsins. Í stefnunni er lögð sérstök áhersla á vistvænt samfélag með undirliggjandi markmið eins og græna byggð, bættu náttúrufegurð, að draga úr umhverfisáhrifum, auk annarra þátta. Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn styður við þessi framsettu markmið Reykjanesbæjar með áherslum sínum að sjálfbærum lausnum í meðferð úrgangs hjá höfnum Reykjaneshafnar.

Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjanesbæjar 2021:

Í umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar er lögð áhersla á hringrásarhagkerfið og sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Markmiðin sem lögð eru þar fram snúa að því að draga úr mengun, bæta loftgæði, innleiða á græna innkaupastefnu auk fleiri þátta. Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa hjá Reykjaneshöfn styður við markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar með áherslu á lágmörkun umhverfisáhrifa, áherslu á hreint og heilsusamlegt umhverfi auk fleiri þátta.

Miklar breytingar eru fram undan hjá Reykjaneshöfn. Má þar helst nefna aukin umsvif í Helgúvíkurhöfn vegna fjölgunar fyrirtækja líkt og Steypustöðin auk verkefna á vegum NATO. Keflavíkurhöfn er í markaðssetningu víða sem höfn fyrir minni skemmtiferðaskip en sumarið 2024 kom fyrsta skipið til Reykjanesbæjar. Mikil uppbygging á sér stað í Njarðvíkurhöfn og henni aðlægt þar sem verið er að stækka höfnina og mörg fyrirtæki að koma inn á svæðið.

Niðurstaða

Tilgangurinn með gerð þessarar áætlunar snýr meðal annars að því að efla sjálfbæra framtíð hafna Reykjaneshafna með því að draga úr magni úrgangs sem berst í umhverfið, koma í veg fyrir mengun frá skipum og efla græna vegferð Reykjaneshafnar í takt við Reykjanesbæ.

Skýrslan um móttöku úrgangs og farmleifa Reykjaneshafnar er í samræmi við stefnumótun Reykjanesbæjar auk alþjóðlegra markmiða um sjálfbæra þróun. Áætlunin styður við aðgerðir sveitarfélagsins í loftslags- og umhverfismálum með áherslu á sjálfbærni, græna framtíð og ábyrgð í úrgangsmálum. Skýrslan er þannig hluti af heildstæðri nálgun Reykjanesbæjar til að ná fram sjálfbærum breytingum í samfélaginu.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS